

Bókalistinn 2019

- Heilaga orð – Sigríður Hagalín. Spennandi og áhugaverð lesning.
- Ævisaga Ingibjargar Einarsdóttur – Margrét Gunnarsdóttir. Litlar heimildir á bakvið efnið og mikið um ef e-ð og hefði e-ð þá....
- Fjötrar, flóttinn, Ferðin – Sandra B. Clausen. Þrileikur, gerist í Svíþjóð í kringum 1700. Flottar og skemmtilegar lýsingar. Smá erótík en spillir ekki fyrir sögunni.
- Svartvítir dagar – Jóhanna Kristjónsdóttir. Skemmtileg og flottar lýsingar.
- Brúðan – Yrsa Sigurðardóttir. Ekkert sérstök en nett afþreying
- Allt í himnalagi hjá Elinor Olifant / Gail Honeyman
- Skjaldbökur alla leiðina niður – John Green. Unglingabók um stelpu með kvíða.
- Ungfrú Ísland – Auður Ava. Hefur fengið góða dóma, en smá vonbrigði, kannski vegna mikilla væntinga, skiptar skoðanir komu fram í umræðunni.
- Táknmál blómanna – Vanessa Diffenbau. Fjallar um munaðarlausu stelpu, mjög góð bók.
- 60 kíló af sólskini – Hallgrímur Helgason. Mjög fín. Flott frásögn um lífið á Íslandi fyrir rúmum 100 árum.
- Lifandilífslækur- Bergsveinn Birgisson. Söguleg skáldsaga/ádeila. Skemmtileg og vel skrifuð. Tengist hingað vestur.
- Rauður maður/svartur maður – Kim Leine. Hluti af þrileik – frekar sterkar lýsingar.
- Þorpið – Ragnar Jónasson. Vonbrigði ársins.
- Smáa letrið – Linda Vilhjálmsdóttir, ljóðabók. Flott og vel skrifuð bók.
- Ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Góð
- Konur breyttu búháttum – Bjarni Guðmundsson. Auðlesin og skemmtileg
- Kristur, saga hugmynda – Sverrir Jakobsson. Mjög góð og vel skrifuð. Fjallar um upphaf frumkristni.
- Útlagamorðin – Ármann Jakobsson. Mjög spennandi glæpasaga.
- Miðausturlöndin – Magnús Þorgeir Bernharðsson. Þægileg og aðgengileg lesning
- Hvítabirnir á Íslandi – Rósa Lind Þórisdóttir
- Heimför – Yaa Ayasi. Saga sjö kynslóða afkomenda þrælasala. Mjög góð ... fjallar um fjötra stéttaskiptinga.
- Sögur frá Rússlandi, smásagnasafn – Áslaug Agnarsdóttir valdi og þýddi.
- Kapítola – Emma D.E.N.Southworth. Skrifuð 1850 af einstæðum kennara. Emma var einn fyrsti kvenrithöfundurinn sem fékk útgefnar bækur í Ameríku. Kapítola líklega fyrsta kvenhetjan í bókmenntum í heiminum. Fyrirmynd annarra “kvenhetjubókmennta”.
- One of us is lying – unglingsaga

- Ómetanlegt – Eygló Egilsdóttir. Fjallar um núvitund í daglegu lífi, þægileg og létt lesning.
- Jákvæðar hvatningar – Guðrún Bergmann samansafn jákvæðra hvatninga sem hvetja þig til dáða í daglega lífinu.
- Galdra-Manga – Tapio Koivukari. Húmor í þessari bók
- Auðna – Anna Ragna Fossberg. Fyrsta bók höfundar. Rennur ágætlega. Fjölskyldusaga sem spannar rúma öld, fram á okkar daga.
- Allt sundrast (Things fall a apart) – Achebe, Chinua (Nígerískur höfundur), gefin út 1958. Fjallar um þegar ágengir Evrópumenn lögðu undir sig nýlendur í Afríku.
- Einu sinni var í austri – Xialou Guo. Uppvaxtarsaga höfundar, lýsir barnæsku hennar. Gefin út af Angústúra.
- Sakfelling, forboðnar sögur frá Norður-Kóreu – Bandi. Smásögur sem lýsa hrikalegum aðstæðum fólks í Norður-Kóreu.
- Skúli fógeti-Faðir Reykjavíkur – Þórunn Jara Valdimarsdóttir. Skemmtileg frásögn
- Bränn alla mina brev/Alex Schulman. Góð skáldsaga – ástarsaga
- Ósjálfrátt – Auður Jónsdóttir
- Auður – Vilborg Davíðsdóttir, þrileikur
- Kamerdyner, pólsk bók sem gerð hefur verið eftir bíómynd.